Sþ. **540. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin í heild hefir unnið að frv. síðan litlu eftir að þing kom saman og haldið fjölda funda. Hefir orðið samkomulag um margar af þeim brtt., sem tilfærðar eru á þskj. 508, en um ýmsar þeirra er fullt ósamkomulag. Á þskj. þessu eru, eins og venja er, ekki taldar aðrar tillögur en þær, sem meiri hl. hefir náðst fyrir í nefndinni. En eins og vikið hefir verið að, er minni hl. andvígur ýmsum þeirra og mun greiða atkv. gegn þeim. Hverjar þessar tillögur eru, þykir ekki fært að tilgreina hér, heldur verður að geyma það til umræðna málsins, en afstaðan til tillagnanna miðast yfirleitt við þá meginstefnu, sem minni hl. fylgir í þessum málum, og verður nokkuð vikið að henni síðar.

Við meðferð frv. í nefndinni lýsti minni hl. yfir því, að hann áskildi sér rétt til að flytja ýmsar þær brtt., sem fallið höfðu í nefndinni ýmist með jöfnum atkv. eða 5:4 atkv. Þessar tillögur flytur nú minni hl., og eru þær allar til lækkunar á gjaldahlið frv., og nema þær rúmlega 600000 kr. Verði þessar tillögur samþykktar ásamt þeim tillögum um laun opinberra starfsmanna, sem ekki taka laun samkv. launalögum, er minni hl. mun flytja, mundi ríkissjóði við það sparast um 700000 kr., og er það álitleg fúlga.

Þegar að því kom, að semja skyldi nefndarálit um frv., var framsögumönnum falið það starf eins og venja var til, en þegar að því kom, að álitið skyldi lagt fyrir nefndina í heild til samþykktar, kom það í ljós, að í því, sér-

staklega síðari kafla þess, var alls ekkert tillit tekið til afstöðu minni hl. og ekki einu sinni þess getið, að öll nefndin stóð ekki að nema sumum till. Undir slíkt álit gat minni hl. vitaskuld ekki skrifað, jafnvel ekki með fyrirvara, enda hefði slíkt gefið alveg ranga hugmynd um, hvað fram hafði farið í nefndinni, og um þær stefnur, sem þar voru ríkjandi. Minni hl. átti því þann einn kost að kljúfa nefndina, þótt það sé óvanalegt, ef það annars hefir átt sér stað um fjárveitinganefnd áður.

Eins og vikið hefir verið að, ber minni hl. fram verulegar tillögur til sparnaðar. Liggja til þess ýms rök. Má þar fyrst telja hið mjög svo erfiða ástand atvinnuveganna. Á síðasta þingi var talin brýn nauðsyn á að hlaupa myndarlega undir bagga með landbúnaðinum, og nú eru uppi tillögur um ekki ósvipaða hjálp til handa sjávarútveginum. Það er vitað, að hin mestu vandkvæði eru á sölu aðalframleiðsluvara landsmanna erlendis, bæði fiski og kjöti. Slíkt ástand hvetur til varfærni, sem minni hl. fannst ekki gæta hjá meiri hl. nefndarinnar.

Á næstą ári er búizt við, að Sogsvirkjunin hefjist. Það verk er sennilega hið umfangsmesta, sem framkvæmt hefir verið hér á landi. Við það skapast mjög mikil atvinna næstu ár. Ef ríkissjóður hefir jafnframt með höndum stórfelldar verklegar framkvæmdir, hlýtur að fara svo, að vinnukrafturinn sogist frá atvinnuvegum landsmanna, sérstaklega landbúnaðinum. Væri slíkt ákaflega varhugavert. Þegar miklar framkvæmdir eru af hálfu annara en ríkissjóðs, á fjárveitingavaldið á Alþingi að draga saman seglin, því að ella fer svo, að miklu meiri eftirspurn verður eftir vinnukrafti sum árin en hollt er atvinnuvegunum, og hin árin atvinnuleysi, sem er til niðurdreps fyrir þjóðfélagið í heild. Það er bein skylda ríkisvaldsins að reyna að miðla atvinnunni sem jafnast, bæði vegna atvinnuveganna og verkamanna. Þessa virðist ekki gætt í frv. ríkisstjórnarinnar né í till. meiri hl. Það, sem hér hefir sagt verið, er önnur meginstoðin undir lækkunartillögum minni hl.

Þegar atvinnuvegir eru í öngþveiti, súpa allir landsmenn af því seyðið. Gjaldgeta og kaupgeta minnkar. Þegar svo stendur á, ber að hlífa skattþegnum eftir megni, þó þannig, að engir þoli skort. Við þetta eru till. minni hl. miðaðar.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að viðskipti við aðrar þjóðir eru óhagstæð mjög, og lítur út fyrir, að þetta fari versnandi, með því að alveg er óvíst, að mögulegt verði að selja alla þá framleiðslu vora erlendis, sem ekki þarf til neyzlu innanlands. Fyrir því ber að varast, svo sem verða má, þær framkvæmdir, sem valda miklum vörukaupum erlendis. Sumar brtt. minni hl. eru sprottnar af þessari rót.

Með því, sem hér hefir verið talið, þykist minni hl. hafa fært gild rök fyrir lækkunartillögum sínum.

Í frv. ríkisstjórnarinnar, því er hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir brottfalli dýrtíðaruppbótar af launum þeirra embættismanna, sem laun taka samkvæmt launalögum, ef launin eru yfir 4600 kr., og lækkun uppbótar á launum milli 4000 og 4600 kr. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að uppbótin haldist á launum, sem eru undir 4000 kr. Minni hl. hreyfði því þegar í nefndinni, að sú tilætlun ríkisstjórnarinnar, að draga þannig úr uppbót embættismanna, en láta haldast óbreytt laun hinna fjölmörgu opinberu starfsmanna, sem ekki eru í launalögum, væri

hróplegt ranglæti, því að yfirleitt væru laun þeirra starfsmanna hins opinbera, sem ekki tækju laun eftir launalögum, miklu hærri en þeirra, sem launalög telja. Meiri hl. tók þessu líklega, en ekki hefir enn orðið af framkvæmdum. Minni hl. mun gera sitt til að leiðrétta þetta ósamræmi og væntir stuðnings meiri hl. til þess, en bregðist það, mun minni hl. flytja sérstakar tillögur hér að lútandi. Er enginn efi á, að ef svipað verður að farið gagnvart þeim opinberum starfsmönnum, sem taka laun utan launalaga, og gagnvart launalagamönnum, þá sparast þar álitleg fúlga. Hve miklu þetta nemur, verður ekki sagt með vissu, en mun verða rannsakað nánar. Það verður að teljast með öllu óforsvaranlegt, að ríkisstjórnin skuli ekki hafa ætlað að ráða neina bót á þessu misræmi, né heldur lagt fyrir nefndina neinar tillögur eða skýrslur til þess að byggja tillögur á. Hefir þó stjórnin fengið rækilega aðvörun eða áminningu um þetta, er hún samdi fjárlagafrv., því að með þessari aðferð stjórnarinnar kemur það allvíða fyrir, að undirmenn fá hærri laun en yfirmenn þeirra.

Í meðferð fjárveitinganefndar hefir framlag það, sem ætlað er til nýrra þjóðvega, verið hækkað allverulega frá því, sem ríkisstjórnin áætlaði. Inn á þetta getur minni hl. gengið með því skilyrði, að þess verði vandlega gætt, að unnið verði svo sem unnt er að vegagerðum vor og haust, til þess að bændum verði hægara um að fá kaupafólk um sláttinn. Vegna kauphækkunar þeirrar, sem ríkisstjórnin kom af stað í sumar, kemur þó hækkunin til veganna ekki nema að nokkru leyti fram í auknum vegagerðum.

Þá er og annað atriði um vegina, sem minni hl. vill leggja stórmikla áherzlu á, en það er, að vegafénu sé skipt þann veg niður, að sem jafnast sé milli héraða eftir þörf þeirra til vega og eftir umferð. Þykir minni hl. allmjög á þetta skorta eftir tillögum ríkisstjórnarinnar, og enn meir eftir tillögum meiri hl. Tillögum vegamálastjóra um skipting vegafjárins hefir verið breytt svo mjög, að sliks munu ekki dæmi fyrr, og ætti hann þó að vera allra manna dómbærastur um, hversu skuli skipta þessu fé, bæði sakir embættisábyrgðar sinnar og kunnleika um land allt. Verði tillögur meiri hl. samþ. við 2. umr., mun minni hl. telja sér skylt að flytja við 3. umr. tillögur til að ráða bót á því, sem honum þykir athugavert. Um þetta verður annars að vísa til umræðna og framsögu, þar sem tími er naumur til þess að undirbúa nefndarálit, sökum þess, að minni hl. vill ekki draga meðferð málsins lengur en minnst er þörf, enda hefir málið verið lengi í nefndinni.

Þá þykir og verða að geta þess, að mjög hefir nú verið skipt um starfshætti í nefndinni frá því, sem tíðkazt hefir um alllangt skeið. Þessa breytingu telur minni hl. sízt til bóta, og ekki hefir honum heldur þótt gætt þeirrar óhlutdrægni, sem með réttu virðist mega krefjast af þeirri nefnd, sem á að gera tillögur um meðferð hins sameiginlega sjóðs landsmanna. Verður bent á dæmi þessa í umræðum, ef þurfa þykir.

Ekki verður hjá því komizt að geta þess, að það var upplýst í nefndinni, að breytingartillögur, sem einstakir nefndarmenn óskuðu að gera, voru bornar upp í stjórnarflokkunum *áður* en atkvæði voru greidd um þær í nefndinni. Með þessu er þeim, sem ekki fylla stjórnarflokkana, fyrirmunað að mæla fyrir tillögum sínum áður forlög þeirra eru ráðin, og fer slíkt alveg í bága við ein-

földustu og alviðurkenndustu réttlætis- og sanngirnisreglur. Með þessu er samstarfi í fjárveitinganefnd í raun réttri fyrirgert, og er ekki vitað, að slik aðferð hafi fyrr verið viðhöfð.

Rétt þykir að taka það fram, að meiri hl. hefir í sumum atriðum breytt áliti sínu síðan það var lesið upp á sameiginlegum nefndarfundi 19. þ. m., á þann veg, að þess er getið um sumar till., að nefndin standi ekki öll að þeim. Ekki er þetta þó rétt i öllum atriðum.

Að lokum telur minni hl. rétt að minnast á eina tillögu, sem hann flytur og ekki miðar til hækkunar eða lækkunar á gjöldum ríkissjóðs. Þessi tillaga er um það, að fella niður langa athugasemd, sem ríkisstjórnin hefir sett við fjárveitinguna til Búnaðarfélags Íslands (16. gr. 2). Með athugasemd þessari er Búnaðarfélagið í raun og veru lagt undir yfirráð hlutaðeigandi ráðherra, eða starfsemi þess eyðilögð. Minni hl. telur óhæfilegt að gera þetta án samþykkis félagsins, og leggur því til, að athugasemd þessi verði felld niður, enda er það óviðurkvæmilegt að setja inn í athugasemd í fjárlögum efni, sem er nægilegt í lagabálk.

Alþingi, 21. nóv. 1934.

Magnús Guðmundsson, frsm. Þorst. Þorsteinsson. Pétur Ottesen. Jón Sigurðsson.